

# SÍMENNTUNARÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA EYJAFJARÐAR

## 2023-2024

### MARKMIÐ

---

Tónlistarskóli Eyjafjarðar vinnur skv hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem virkt samtal og samstarf starfsfólks er eðlilegur hluta daglegs starfs og í undirbúningi kennslu, þar sem áhersla er lögð á samvirkni og samráð með nám nemenda í fyrirrúmi. Nemendur og foreldrar hafa greiðar leiðir til að koma skoðunum sínum um námið á framfæri og sveigjanleiki til ígrundunar stuðlar að skapandi kennsluháttum og samstarfi allra sem að skólasamfélaginu koma.

Áherslur símenntunaráætlunar eru kennslufræði hljóðfæra með áherslu á kennslu yngri nemenda, teymisvinna, heilsuefning og sjálfbærni. Þau námskeið sem standa kennurum til boða á vegum skólans styðja ávallt við þá stefnu í skólaþróun og símenntun hverju sinni. Samvinnuvettvangur er hvati fyrir allt starfsfólk að sækja sér frekari símenntun utan skólastofnunarinnar til stuðnings í starfi. Vinna við samvinnuvettvang er í stöðugri þróun í takt við símenntunaráætlun og þarfir starfsfólks og skólans, endurspeglar skólamenningu, skólastefnu og nemendamiðaða sýn.

Innleiðing nýrrar skólanámskrár sem endurspeglar starfsemi skólans, nám nemenda, hlutverk skóla í samfélaginu og fagmennsku þeirra sem þar starfa. Leiðsagnarnám er leiðarljós skólans.

Skólaárið skiptist í fjórar lotur og markmið eru sett fram fyrir allt skólaárið og einnig í fjögur minni skref, námsmat fer fram í lok hverrar lotu og þar með er nám nemenda í stöðugri endurskoðun og þróun.

Innra og ytra mat skóla verði markviss og eðlilegur þáttur í skólastarfi og skólaþróun, og niðurstöðurnar nýttar til þess að styðja við og efla starfsemi skólans og nám nemenda.

## ADGERÐARÁÆTLUN 2023-2024

---

- Frá upphafi skólaárs verður unnið skv nýrri Skólanámskrá
- Kennarar sækja fyrirlestur um kennslu nemenda með sérþarfir, með áherslu á ADHD, þann 17. ágúst 2023.
- Vinnustofur verða haldnar fyrir kennara til að læra vel á Speed Admin kerfið, bæði í utanumhaldi kennslu, markmiðasetningum og námsmati og samskiptum við heimilin. Fyrsta vinnustofa verður 18. ágúst og sú næsta 6. september. Fleiri vinnustofur verða haldnar eftir þörfum yfir skólaárið.
- Sérfræðingar í kennslufræði hljóðfæra og kennslu yngri barna halda vinnustofur á samvinnuvettvangi þar sem kennurum gefst færi á að spyrja og fræðast um nýjar aðferðir, leiðir, tækni og námsefni.
- Kennarar sækja ráðstefnu í Osló, dagana 20.-24. september 2023. Á ráðstefnunni verður fjallað um söng í víðu samhengi og þá sér í lagi í skólastarfi. Um 50 fyrirlestrar eru á dagskránni. Einnig verður farið í skólaheimsókn föstudaginn 22. september og Barratt Due tónlistarskólinn skoðaður.
- Unnið verður að því að innleiða Græn skref, grænt bókhald og skýra umhverfisstefnu. Þriggja til fimm manna starfsteymi verður valið að hausti og sér um innleiðingu verkefnisins.
- Skólinn verður Heilsueflandi vinnustaður og 2-4 manna stýrihópur myndaður við innleiðingu og framkvæmd verkefnisins með það að markmiði að bæta vinnuskipulag og vinnuumhverfi alls starfsfólks, hvetja til virkrar þátttöku og efla vellíðan einstaklinga með heildrænni nálgun. Einnig verður ýmis fræðsla um heilsueflingu á samvinnuvettvangi; hreyfing, næring, vinnustaðamenning og andleg- og líkamleg heilsa.
- Skólastjórnendur undirbúa innra mat á starfsemi skólans sem fer fram að vori 2024.
- Skólinn tekur eins og unnt er þátt í sameiginlegum starfsdögum annara tónlistarskóla/grunnskóla á svæðinu og eflir með starfsfólki bæði fag- og stéttarvitund.